



Ingvar Sigurgeirsson

Tillögur um framtíðarskipan skólahalds á Djúpavogi

Apríl 2015

Efnisyfirlit

Inngangur	3
Niðurstöður	4
Aðaltillaga	4
Mat á starfinu	7
Kennslan	7
Stjórnun	7
Aðstaða	8
Starfsandi	8
Aðrar ábendingar og tillögur	8
Lokaorð	10

Inngangur

Með samningi sem gerður var 20. mars 2015 tók Skólastofan slf að sér að vera til ráðgjafar um framtíðarskipulag skólastarfs á Djúpavogi sbr. samþykkt sveitarstjórnar 12. mars 2015. Ingvar Sigurgeirsson (hér eftir nefndur ráðgjafi) annaðist verkefnið fyrir hönd Skólastofunnar slf.

Árið 2011 voru grunn, leik- og tónskóli sameinaðir undir stjórn eins skólastjóra.

Í Djúpavogsskóla eru nú 104 nemendur, 41 í leikskóla og 63 í grunnskóla. Rúmlega 40 nemendur stunda nám í tónskóla. Í leikskólanum eru 14 starfsmenn og þar af tveir með leikskólakennaramenntun og einn með B.Ed-gráðu í leikskólafræðum. Sjö af 12 kennrum grunnskólans eru kennaramenntaðir (í 5,2 stöðugildum), en sex leiðbeinendur (í 4,5 stöðugildum), en einn þeirra síðastnefndu er að ljúka fimm ára kennaranámi með meistargráðu.

Verkefni ráðgjafa þar að leggja mat á hvernig til hefði tekist við samreksturinn, fag-, stjórnunar- og rekstrarlega. Einnig var þess vænst að hann legði mat á starfið, eftir því sem unnt væri miðað við þann ramma sem verkefninu var settur.

Dagana 15.–17. apríl sl. heimsótti ráðgjafi Djúpavogsskóla og átti viðræður við stjórnendur og fulltrúa sveitarfélagsins, fræðslunefnd, starfsfólk skólanna og fulltrúa foreldra þar sem könnuð voru viðhorf til núverandi skipanar og afstaða til hugsanlegra breytinga. Þá átti ráðgjafi fund með fulltrúum nemenda á elsta stigi grunnskólans þar sem rætt var við þá um skólastarfið; hvað þeir væru einkum ánægðir með og hvað mætti betur fara. Þá fékk ráðgjafi aðgang að ýmsum gögnum um starfið (starfsáætlunum, niðurstöðum samræmdra prófa, sjálfsmatsskýrslum, niðurstöður úr Skólapúlsinum og umbótaáætlunum).

Hér verður fyrst gerð grein fyrir meginniðurstöðum og aðaltillögum. Þá verður lýst því helsta sem fram kom varðandi mat á skólastarfinu. Loks er gerð grein fyrir ýmsum viðbótaráþendingum og tillögum.

Tekið skal fram að þær tillögur sem hér verða settar fram mótuðust snemma í ferlinu og voru reifaðar og ræddar í mörgum viðtölunum.

Niðurstöður

Mat flestra viðmælenda var að sameining hefði ekki tekist sem skyldi. Mat margra var að hún hefði jafnvel veikt grunnskólann faglega og starfsandann en styrkt leikskólann (einkum starfsandann). Ekki hefði tekist að skapa þá samfellu og það samstarf sem að var stefnt. Þá væri óvíst um fjárhagslegan ávinning af sameiningunni enda samanburður erfiður í ljósi þeirra breytinga sem skólinn hefur gengið í gegnum m.t.t. fjölda nemenda og samsetningar nemendahópsins. Þær skýringar sem á þessu voru gefnar voru einkum þessar:

- Of langt væri á milli skólabygginganna til að ná mætti eðlilegu „flæði“ í starfinu.
- Hin nýja skipan hefði leitt til mikils álags á skólastjóra, með þeim afleiðingum að ýmis verkefni hefðu þurft að sitja á hakanum (skólanámskrárgerð, fagleg vinna, samstarf skólastiganna, starfsþróun).
- Nemendum hefði fjölgað mun meira en áætlanir hefðu gert ráð fyrir, og þrengsli háð starfinu.
- Ólíkir kjarasamningar væru hindrun.
- Skólinn hefur orðið fyrir alvarlegum áföllum (dauðsföll, atvinnumissir foreldra) sem vitaskuld hefði bitnað á ýmsu starfi og geri jafnvel enn.
- Bent var á að það kynni að hafa haft áhrif að skólastjóri hefði ekki verið nægilega hlynntur sameiningu.¹

Flestir sem tjáðu sig um það töldu að tónskólinn hefði styrkst við sameininguna.

Mat ráðgjafa er í samræmi við meginálit viðmælenda og áriðandi sé að bæta úr þeim ágöllum sem eru á núverandi skipan. Álag á skólastjóra er mjög mikið, einkum vegna vandamála í leikskólanum. Þar eru erfiðar aðstæður; mikil þrengsli og ekki síður mikil forföll starfsmanna; svo mikil að verulegum vandkvæðum veldur. Skólastjóri þarf að skipta tíma sínum milli tveggja starfsstöðva, sem veldur óánægju á þeirri stöð þar sem hann er ekki.

Aðaltillaga

Eftirfarandi breytingar verði gerðar á skipan og stjórnun skólans:

¹ Skólastjóri bendir á að hann hafi verið á móti þessu þar sem hann hafi ekki með nokkru móti séð að þetta myndi ganga, meðal annars vegna þess hve langt er á milli skólabygginganna og vegna ólíkra kjarasamninga. Þá hafi verið ljóst frá upphafi að gera mátti ráð fyrir miklu vinnuálagi (fyrir sameiningu var stjórnunarhluti grunnskólans ca. 70% (m.v. nemendafjölda þá), í leikskólanum 50-60% og í tónskólanum 20%). Skólastjóri leggur áherslu á að því fari fjarri að hann hafi viljandi unnið gegn þessu. Þá leggur hann áherslu á að afstaða hans hafi verið öllum ljós frá byrjun. Forsvarsmenn sveitarfélagsins og fræðslunefnd hafi lagt hart að sér að taka stöðuna og vildu ekki auglýsa hana, eins og hann óskaði eftir.

Stofnuð verði deild við grunnskólann fyrir fimm ára börn og að nemendum á mörkum skólastiganna verði að hluta kennt saman (Byrjendalæsi, útikennsla, íþróttakennsla, hreyfing, söngur, leikir, smiðjur, listkennsla, hringekjur).

Rök:

- Stuðlar að betri samfellu, einstaklingsmiðun og aukinni fjölbreytni í námi.
- Leiðir til nánara samstarfs leik- og grunnskólakennara (nýtir það besta úr hefðum beggja skólastiga).
- Skapar betra rými og aðstöðu á leikskólanum.
- Almenn samstaða virðist vera um að fara þessa leið og raunar mikill áhugi á því, sem er jafnframt mikilvæg forsenda þess að þetta gefi góða raun.

Í þessu sambandi er rétt að nefna að ráðgjafa voru kynntar hugmyndir um breytingar á húsakynnum grunnskólans sem leiða til þess að húsrými nýtist mun betur og því auðvelt að fjölga nemendum. Þessar breytingar munu einnig auðvelda mjög samstarf kennara og gera þeim betur kleift að starfa saman í teyrum. Þá skiptir miklu að auðvelt sýnist að búa aftur til sal í skólanum sem nýta má fyrir ýmsa viðburði (tónlistarflutning, samsöng, leikræna tjáningu, leiksýningar, danskennslu o.fl.) Skólastjóri benti á að mikilvægt væri að farið verði í þessar breytingar á innra skipulagi grunnskólans strax þannig að þetta verði tilbúið haustið 2015.

Lagt er til að skólastjórar Djúpavogsskóla verði tveir, skólastjóri grunn- og tónskóla og skólastjóri leikskóla. Skólastjóri grunn- og tónskóla verði jafnframt aðalskólastjóri.

Rök

- Styrkja þarf stjórnun leikskólans og fela hana leikskólakennaramenntuðum aðila með fulla ábyrgð á daglegu starfi. Til að undirstrika þessa ábyrgð er mælt með því að starfsheiti stjórnanda leikskólans verði leikskólastjóri. Þessi tillaga byggist á því að til dæmis foreldrar átti sig á þessu hlutverk (sem þeir gera síður ef annað starfsheiti er valið, t.d. aðstoðarskólastjóri eða deildarstjóri).²
- Gera þarf aðalskólastjóra kleift að sinna betur brýnum (ýmsu faglegu starfi, skólanámskrárgerð, innra mati, skólaþróun í öllum deildunum).

Lagt er til að staða leikskólastjóra verði auglýst.

² Móta þarf hvernig verkaskippingu verður háttað t.d. varðandi skóladagatal, skólanámskrá, starfsáætlun, ráðningarsamninga og skýrslur.

Í þeirri nýju skipan, sem hér er lögð til, er áriðandi að stjórnendur skólans haldi reglulega samráðsfundi (t.d. hálfsmánaðarlega) og að efnt sé til funda, a.m.k. tvisvar á misseri með þátttöku allra starfsmanna, og sömuleiðis funda þar sem grunn- og leikskólakennarar bera saman bækur sínar.

Áriðandi er að nýta markvisst þau sóknarfæri sem samrekinn leik- og grunnskóli skapar (valnámskeið á unglingastigi tengd leik eða leikskóla, jafningjakennsla, lestrarverkefni þvert á skólastig, vinaverkefni, samnýting starfsmanna, búnaðar og aðstöðu).

Mat á starfinu

Hér verður lýst í stuttu máli því helsta sem fram kom í viðtölum um kennslu, stjórnun, aðstöðu, og starfsanda.

Kennslan

Mat flestra viðmælenda var að faglegt starf væri í heild um margt með ágætum.

- Sem dæmi um gott starf í grunnskólanum var nefnd innleiðing Byrjendalæsis sem gengi mjög vel; grenndarkennsla, sem væri eitt af sérkennum skólans; samsöngur yngri nemenda tvisvar í viku; tónlistarstarf. Nemendur lýstu sérstakri ánægju með íþróttakennslu (þó ekki án undantekninga), grenndarkennslu, tölvukennslu og svokallað „frjálst nám“ á unglingastigi.
- Almenn ánægja er með tónskólann.
- Innra starfi leikskólans var hrósað, en forföll starfsmanna talin skaða starfið. Þá vantaði tilfinnanlega fleiri fagmenntaða starfsmenn.
- Nokkrir kennarar lögðu áherslu á að efla þyrfti faglega umræðu innan skólans og að til бага væri að nokkrir kennarar virtust hafa lítinn áhuga á henni.
- Bæði nemendur og foreldrar hrósuðu kennurum skólans. Athygli vakti að nemendur töldu kennara alla góða! Helst var gagnrýnt að kennarar færu stundum út úr tímum.
- Óvenju margir leiðbeinendur starfa við skólann.
- Nemendur og nokkrir kennarar og fulltrúar foreldra lögðu mikla áherslu á að efla þyrfti val í náminu, gjarnan tengt verklegum eða skapandi viðfangsefnum. Þá lögðu margir áherslu á að vinna mætti betur með fyrirtækjum í sveitarfélaginu (starfsþjálfun, vettvangsnám). Ráðgjafi tekur undir þessi sjónarmið.
- Athygli vakti að nemendur á mið- og unglingastigi óskuðu eftir meira samstarfi við yngri nemendur skólans („gaman að vinna með þeim ... vinna lestrarverkefni með þeim ... til dæmis fyrsta bekk“).

Stjórnun

Skólastjóri Djúpavogsskóla fær nánast einróma góðan vitnisburð starfsmanna („frábær“, „lausnamiðuð“, „skapar gott í kringum sig“, „drífandi“, „mjög gott að leita til hennar með persónuleg málefni“). Eins og fram hefur komið bendir starfsfólk grunn- og leikskóla á að vandi sé að hann sé ekki nægilega mikið í skólanum („vildi sjá skólastjórann oft“, „skólastjórinn á hlaupum ... skólastjórinn týndur okkur ... erum í lausu lofti ...“). Starfsfólk leikskólans benti einnig á að skólastjóri væri ekki sérfræðingur í leikskólastarfi (um leið og „hún hefði komið með margt gott“). Þá nefndu margir að skólastjóri væri undir miklu álagi og hefði oft lítinn tíma til að sinna þeim málum sem undir hana séu borin. Einnig var nefnt að hún mætti deila ábyrgð betur („Halldóra sér um allt“). Nokkrir grunnskólakennarar nefndu að þeir söknuðu þess tíma þegar skólastjóri gat helgað sig málefnum grunnskólans. Þá var nefnt að skólastjóri mætti vera

ákveðnari gagnvart heimildum til að veita starfsfólki leyfi. Tvisvar var nefnt að stundum væru tekin upp á fundum mál sem ræða ætti einslega við viðkomandi kennara. Loks voru nefnd vandkvæði tengd því að eiginmaður skólastjóra væri starfsmaður skólans.

Aðstoðarskólastjóri grunnskóladeildar fær jákvæða umsögn starfsfólks („gott að vinna með henni“, „frábær“, „mjög fagleg“).

Aðstaða

Allar deildirnar þrjár búa um margt við ófullnægjandi aðstæður:

- Í grunnskólann vantar sérkennslustofur og þar er enginn samkomusalur. Tölvubúnaður er úr sér genginn og skólinn á aðeins einn skjávarpa. Þá er til бага að kennarar hafa ekki aðgang að eigin tölvu. Húsgögn eru mörg úr sér gengin.
- Leikskólinn býr við mikil þrengsli, starfsfólk hefur ekki viðunandi aðstöðu til undirbúnings og aðstaða til listkennslu er ófullnægjandi. Þá var bent á að leiktæki vantaði fyrir yngstu börnin (t.d. rólur).
- Tónskólinn er í leiguhúsnæði sem þarf að rýma á hverju vori.
- Bent var á að grunnskólinn stæðist ekki kröfur um eldvarnir.

Dæmi um góðar aðstæður eru íþróttahús og sundlaug, vinnuaðstaða kennara í grunnskóla er rúm (en þó sá hængur á að ganga þarf í gegnum hana til að komast milli hluta skólabyggingarinnar og að þar vantar tölvur). Vistlegt bókasafn (sem einnig þjónar íbúum) er í skólahúsinu. Útileiksvæði í leikskólanum eru vel búin og aðlaðandi (sjá þó athugasemdir starfsmanna um að leiktæki fyrir yngstu börnin vanti).

Starfsandi

Starfsfólk í öllum deildum taldi starfsanda í meginatriðum góðan („þegar á reynir erum við eins og fjölskylda“, „jákvætt andrúmsloft ... allir tilbúnir til að hlusta ... jákvæðir ... allir hjálpast að og eru boðnir og búnir til að vinna saman“). Þetta var þó ekki án undantekninga.

Nemendur í grunnskóla lýstu góðum samskiptum sín á milli og við kennara og lögðu áherslu á að á þá væri hlustað og mark tekið á þeim.

Aðrar ábendingar og tillögur

Hér er haldið til haga nokkrum ábendingum, sem ráðgjafi telur geti komið að gagni:

- Bent var á að bæta mætti úr húsnæðisþörf skólans með því að kaupa það hús sem áður hýsti Dvalarheimili aldraðra eða Helgafell, sem stendur við lóð grunnskólans. Sem dæmi má nefna hugmyndir um að í Dvalarheimilinu mætti hafa mötuneyti (fyrir leik- og grunnskóla), aðstöðu fyrir tónskóla, félags- og tómstundastarf, samkomusal og þar mætti koma fyrir list- og verkgreinastofum.

- Áríðandi er að kanna til þrautar hvort unnt er að koma upp hópi fólks sem má kalla til þegar mikil forföll verða á leikskólanum.
- Fulltrúar foreldra óska eftir að boðið verði upp á lengri viðveru nemenda í skólunum (grunnskólanemendur geti verið til kl. 16.00 í skólanum) og að sumarleyfi í leikskóla verði stytt. Þá var óskað eftir því að séð yrði fyrir meira sumarstarfi fyrir börnin, meðal annars í ljósi þess að oft er mikið vinnuálag á foreldrum yfir sumartímann. Í þessu sambandi var einnig nefnt að lengja kennsluárið í grunnskólanum.
- Mælt er með því að tónlistarkennarar heimsæki leikskólann reglulega og standi þar fyrir samsöng eða annarri tónlistariðkun.
- Starfsfólk leikskóla benti á að áður fyrr hefði leikskólanum verið lokað kl. 14.00 á sex vikna fresti og tíminn notaður til faglegs samstarfs. Þetta er áhugaverð tilhögun og vert að ræða hvort þetta eigi að taka upp aftur.
- Áríðandi er, m.a. vegna ráðstafana sem gera þarf á vinnustöðum, að ekki dragist úr hömlu að gefa út skóladagatal.
- Foreldri benti á að hanna mætti „sleppitorg“ við grunnskólann. Þetta yrði sérstaklega mikilvægt ef fimm ára börn færu að sækja nám grunnskólamegin.
- Upplýsingar um tónskólann á heimasíðu skólans eru ófullnægjandi og nauðsynlegt að bæta úr því.

Lokaorð

Þess er vænst að þau atriði sem hér hafa verið talin nýtist sveitarstjórn og starfsfólki skólans við að taka ákvarðanir um framtíðarskipan skólamála á Djúpavogi. Áríðandi er að koma skipan skólans í betra horf en nú er. Það ætti að greiða fyrir ákvörðunum að umtalsverð samstaða virðist um þær. Benda má á að reyna þá tilhögun sem hér er mælt með í eitt eða tvö ár og leggja síðan mat á árangurinn.

Að endingu ber að þakka góðar móttökur og fyrirgreiðslu við þessa úttekt. Þrátt fyrir þá örðugleika sem við er að glíma þótti þeim sem þetta ritar skólabragur allur mjög góður og þá sérstaklega samskipti nemenda og starfsfólks. Þá mátti sjá á veggjum skólans fjölmörg verk nemenda til vitnis um skapandi skólastarf – sem oft tengdist umhverfi og náttúru sem á fáa sína líka.